

Orkustofnun  
Grensásvegi 9  
108 Reykjavík

Reykjavík, 10.11.2015

### **Efni: Virkjunarkostir fyrir 3. áfanga verndar- og orkunýtingaráætlunar**

Orka náttúrunnar (ON) hefur með bréfi frá Orkustofnun dagsett 2. nóvember 2015, fengið nýtingarleyfi á jarðhita á Hellisheiði. Nýtingarsvæðið sem afmarkað er í leyfinu nær yfir orkukostina Gráuhnúka R3270A og Hverahlíð R3271A sem ON ásamt Orkuveitu Reykjavíkur (OR) lögðu inn til Orkustofnunar vegna 3. áfanga verndar- og orkunýtingaráætlunarinnar, hér eftir nefnd rammaáætlun. Í samræmi við útgefið nýtingarleyfi svæðisins og 3. mgr. 9. gr. laga nr. 48/2011 telur Orka náttúrunnar að orkukostirnir Gráuhnúkar R3270A og Hverahlíð R3271A falli ekki undir verksvið verkefnisstjórnar rammaáætlunar.

Óskar fyrirtækið eftir að þessir tveir orkukostir verði dregnir út úr umfjöllun í þessum áfanga rammaáætlunar þar sem þeir eru nú þegar komnir í nýtingu.

Virðingarfyllst,

*Marta Rós Karlsdóttir*

Marta Rós Karlsdóttir  
Forstöðumaður Auðlinda